

Menntabúðir haust 2016

Á haustmisseri 2016 verða haldnar þrennar Menntabúðir um UT í námi og kennslu. Þær fara fram í stofu H-207 í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Tímasetningin er alltaf sú sama kl. 16:15-18:15. [Smelltu hér til að sjá Smore auglýsinguna.](#)

Menntabúðir (e. EduCamp) er hagnýt og áhrifarík aðferð til starfsþróunar sem við höfum haldið undanfarin 3 ár. Aðferðin byggir á óformlegri jafningjafræðslu sem stuðlar að aukinni umræðu á milli skólastiga sem og eflingu tengslanets kennara. Þátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum. Menntabúðir eru ætlaðar starfandi kennurum á öllum skólastigum og kennaranemum.

Umfjöllunarefnið er opið, þátttakendur geta komið með uppástungur en einnig hefur verið vinsælt að koma með „vandamál“ og fá aðstoð við að leysa það. Það getur verið allt frá því að fá kennslu á ákveðið forrit yfir í að safna hugmyndum að námskeiði.

Þátttakendur eru beðnir um að koma með framlag í búðirnar. Framlög geta verið margbreytileg, t.d að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námskrárvinnu, varpa fram spurningu eða koma með eitthvað málefni sem þarfnast lausnar. *Þátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku.*

Smelltu á dagsetningarnar til að skrá þig á menntabúðirnar.

- [27. október – Forritun](#)
- [24. nóvember – MakerSpaces](#)
- [7. desember – Heimsókn í FabLab Reykjavík](#)

Samstarfsaðilar: [UT-torg](#), [Reykjavíkurborg](#), [Menntamiðja](#), [Rannum](#) og [Menntavísindasvið HÍ](#).

Myndskeiðið hér fyrir neðan er tekið upp á menntabúðum 10. mars 2015.